




Verkkaupar: Heilbrigðisráðuneytið og Sveitarfélagið Árborg
Umsjón og eftirlit: Framkvæmdasýsla ríkisins

HJÚKRUNARHEIMILI Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

FRAMVINDUSKÝRSLA FEBRÚAR 2020



1. Yfirlit yfir verkið

Hjúkrunarheimilið mun innihalda 60 hjúkrunarrými á tveimur hæðum, auk sameiginlegra rýma og stoðryma. Heildarflötur byggingarinnar verður rúmir 4000 fermetrar.

2. Framkvæmdir

Til viðbótar vinnu við uppgröft, hófst verktaki einnig handa við fleygun í byrjun febrúar. Fleygaða grjótið er nýtt í undirfyllingar og því má segja að stanslaus jarðvinna hafi átt sér stað allan mánuðinn, sem samanstóð af uppgreftri, fleygun, útlagningu og þjöppun undirfyllingar, ásamt hinni stanslausu dælingu vatns úr grunninum.

Því miður hafa einnig komið upp þó nokkur óvænt og ófyrirséð tilvik þar sem aðstæður í grunni hafa valdið vandræðum, töfum og auknum kostnaði umfram áætlaðan kostnað við jarðvinnu. Að öllum líkindum er um að ræða tíma og kostnað sem alltaf hefði komið til hvort eð er en vissulega hefði verið heppilegra að umfang hefði verið þekkt strax á áætlunargerðarstigi og þannig verið gert ráð fyrir þessu frá upphafi, frekar en að það sé að koma fram sem óvænt viðbót nú á upphafsstigum framkvæmdarinnar. Umræddar aðstæður, sem nú valda þessum aukna tíma og kostnaði í jarðvinnu, hefðu að mati undirritaðs átt að vera að mestu þekktar á þessu stigi, og í raun mun fyrr, ef hönnuðir hefðu unnið mikilvæga og lögbundna undirbúnings- og rannsóknarvinnu á jarðvegsaðstæðum svæðisins á sínum tíma. Sjá nánari umfjöllun í liðum 3, 4 og 5 hér að aftan.

3. Staða verks miðað við áætlanir

Í lok febrúar var verkið um það bil sex vikum á eftir áætlun, miðað við gildandi áætlanir verktaka. Á það jafnt við um tíma, mannafla og greiðslur til verktaka.

Upphaflega var fyrst og fremst um að ræða tafir í upphafi framkvæmda og ekkert sem benti til að verkið myndi halda áfram að teyfjast. Hins vegar hafa vandræði með jarðvinnu og óvissa í tengslum við graftarbotn, til viðbótar við síendurtekin óveður og mikið vatnsmagn í grunni, valdið því að tafir hafa aukist frekar en unnist upp í febrúar.

Framan af mat verktaki aðstæður sem svo að hann gæti náð upp orðnum töfum með viðeigandi ráðstöfunum og gerði hann því ráð fyrir að verkið kæmist á áætlun um það leyti sem unnið verður að uppslætti og steypu sökkla. Hins vegar hefur eins og áður segir óvæntum og ófyrirséðum töfum frekar fjölgað en hitt í febrúar og er því síður útlit fyrir að náist að vinna upp tafirnar svo snemma. Fulltrúar beggja aðila hafa sammælt um að leggjast yfir stöðuna þegar óvissuatriðum fækkar og auðveldara verður að leggja raunhæft mat á stöðu verksins miðað við áætlanir.

Þrátt fyrir að verktaki hafi enn sem komið er ekki gert formlega kröfu um verulega framlengingu á verktíma vegna framangreindra tafa, er ýmislegt sem bendir til að hann geti talið sig eiga rétt á slíkri framlengingu. Að svo stöddu er þó enn miðað við verklok í júlí 2021.

4. Aukaverk, viðbætur og breytingar

Eins og áður hefur komið fram í fyrri framvinduskýrslum var fljótlega á stigi jarðvinnu ljóst að mikið yrði um magnbreytingar vegna aukins uppgrafar og aukinna fyllinga, auk þess sem þörf var fyrir frekari og kraftmeiri dælingu vatns úr grunninum en verktaki lagði upp með. Einnig orsakaði dýpri og umfangsmeiri gröftur en gert var ráð fyrir að færa þurfti háspennustreng í samstarfi við HS-veitur. Þar að auki hafa bæst við nokkur aukaverk og aukinn kostnaður vegna óhagræðis verktaka, sem rekja má til þess að hönnunargögn gerðu alls ekki ráð fyrir þeim aðstæðum sem í raun eru í grunninum.

Í febrúar fór þó nokkur vinna í rannsóknir og skoðun á jarðvegsbotni. Í ljós kom að undirlagið er í raun jaðar Þjórsárhrauns og því var kallaður til mannvirkjarðfræðingur frá Mannvit verkfræðistofu til að rannsaka og leggja mat á gæði undirlagsins til grundunar. Eftir ítarlegar skoðanir á botninum og borun 11 rannsóknarhola, var niðurstaðan í grófum dráttum sú að þar sem hraunið stendur enn er það nógu þykkt og sterkt til að henta sem undirlag. Inn á milli þessara hryggja eru pyttir þar sem hraunið virðist hafa verið veikara og meira um holrúm og það því fallið saman á sínum tíma. Töluvert var um útkragandi, þunnar hraunhengjur yfir þeim svæðum þar sem pyttir höfðu myndast, sem brjóta

þurfti niður áður en lengra var haldið. Í pyttunum sjálfum var í raun kargi ofan á gamla ísaldarberginu og það því nógu sterkt undirlag inn á milli sjálfra hraunhryggjanna. Fleygað grjót er notað í undirfyllingar og þar með í að fylla upp í pyttina. Þar ofan á kemur sprengt hraun og svo loks púðinn.






Myndir hér að ofan og framan voru teknar þegar mannvirkjajarðfræðingur frá Mannvit verkfræðistofu stýrði borunum vegna rannsóknar á hraunbotni grunnsins. Um er að ræða jaðar Þjórsárhrauns og voru samtals boraðar 11 holur.

5. Yfirlit yfir fjárhagsstöðu verks


Framvindureikningar verktaka hafa tafist í samræmi við tafir á upphafi framkvæmda, auk þess sem talsverður tími og orka hefur farið í aukavinnu og magnaukningar í byrjun verks. Af þessum sökum hafa greiðslur fyrir hefðbundna framvindu hingað til verið lægri en áætlað var en að sama skapi hlutfall magnaukninga og aukaverka hærra í upphafi verks en gert var ráð fyrir. Búast má við að þessi þróun haldi áfram eitthvað fram á vor en snúist svo í þá átt sem reiknað var með. Greiðsluáætlun verktaka verður endurskoðuð að jarðvinnu lokinni og í kjölfarið verður greiðsluáætlun verkkaupa uppfærð eftir þörfum.

Í kostnaðaráætlun verkefnisins er gert ráð fyrir bæði aukaverkum og magnaukningum og því er enn sem komið er ekki ástæða til að ætla að þau atriði sem nefnd eru í þessari skýrslu hafi áhrif á heildarútkomu verksins. Eftir því sem umfang magnbreytinga og aukaverka skýrast frekar verður upplýst um slíkt jafnóðum og verkkaupum að sjálfsögðu gert viðvart ef bregðast þarf við eða skoða einstök mál nánar.

Hér má sjá fjárhagsyfirlit sem sýnir stöðu kostnaðar við verkefnið síðastliðin mánaðamót:

 FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS		Verklegar framkvæmdir							
6087030 Hjúkrunarheimili Árborg		Fjárhagsyfirlit 29.02.2020							
Innborganir frá verkkaupum	Greiðsluhlutdeild %			Upphafleg áætlun um fjármögnun verksins	Innborgað frá fyrri árum	Innborgað á árinu	Áætlun um innb. Til loka verks	Samtals áætlaðar innborganir	
	Upph.	Núgild.	Kr.						
Heilbrigðisráðuneytið	0	84	0	0	0	160.000.000	2.274.320.000	2.434.320.000	
Velferðarráðuneyti	84	0	0	2.434.320.000	194.786.993	0	-194.786.993	0	
Sveitarfélagið Árborg	16	16	0	463.680.000	37.268.951	31.000.000	395.411.049	463.680.000	
Samtals	100	100	0	2.898.000.000	232.055.944	191.000.000	2.474.944.056	2.898.000.000	
Heildarkostnaður					Upphafleg áætlun um heildarkostnað verksins	Bókfært frá fyrri árum	Bókfært á árinu	Áætlaðar eftirstöðvar	Samtals áætlaðar heildarkostnað ur (10.01.2020)
1	Ráðgjöf				233.900.000	172.200.675	5.645.420	56.053.905	233.900.000
1.1	Hönnun				179.900.000	144.762.450	4.085.345	31.052.205	179.900.000
1.2	Ráðgjöf önnur en hönnun				33.000.000	12.483.605	1.560.075	18.956.320	33.000.000
1.3	Kostnaður tengdur ráðgjöf				21.000.000	14.954.620	0	6.045.380	21.000.000
2	Umsjón og eftirlit				150.600.000	41.842.919	9.337.178	99.419.903	150.600.000
2.1	Umsjón				85.300.000	41.107.609	2.801.972	41.390.419	85.300.000
2.2	Eftirlit				65.300.000	735.310	6.535.206	58.029.484	65.300.000
3	Verkframtækni				2.463.800.000	23.043	47.535.149	2.416.241.808	2.463.800.000
3.1	Verksamningar				2.223.100.000	23.043	43.532.901	2.179.544.056	2.223.100.000
3.2	Magnbreytingar				84.500.000	0	3.109.850	81.390.150	84.500.000
3.3	Aukaverk				84.500.000	0	642.320	83.857.680	84.500.000
3.4	Verðbætur				71.700.000	0	250.078	71.449.922	71.700.000
4	Gjöld og rekstur á framkv.t				20.200.000	2.380.367	142.135	17.677.498	20.200.000
4.1	Gjöld				19.400.000	2.234.505	0	17.165.495	19.400.000
4.2	Rekstur á framkv.t				800.000	145.862	142.135	512.003	800.000
5	Búnaður og listskreytingar				29.500.000	0	0	29.500.000	29.500.000
5.2	Listskeytingar				29.500.000	0	0	29.500.000	29.500.000
Samtals					2.898.000.000	216.447.004	62.659.882	2.618.893.114	2.898.000.000

Hér má sjá heildarkostnaðaryfirlit verksins, ásamt áætlaðri dreifingu milli ára og útkomuspá:

HEILDARKOSTNAÐARYFIRLIT									
Áætluð útkoma m.v. Fjárhagsyfirlit dags. 29.02.2020 / Hreinn Sigurðsson		Dags: 21.03.2020							
Verknúmer: 608 7030 / Hjúkrunarheimili í Sveitarfélaginu Árborg									
		Kostnaðaráætlun (SOF-samþykkt 27.06.2019)	Uppfærð kostnaðaráætlun eftir útböð (SOF upplýst 11.11.2019)	Bókfært frá fyrri árum	Bókfært á árinu (Fjárhagsyfirlit tekið út 29.02.2020)	Áætlun til loka árs 2020	Áætlun útkoma 2020	Áætlun 2021	Samtals áætlaður heildar- kostnaður
1	Ráðgjöf	234.600.000	233.900.000	172.200.675	5.645.420	31.354.580	37.000.000	24.699.325	233.900.000
1.1.	Hönnun	180.100.000	179.900.000	144.762.450	4.085.345	15.914.655	20.000.000	15.137.550	179.900.000
1.2.	Ráðgjöf önnur en hönnun	32.500.000	33.000.000	12.483.605	1.560.075	10.439.925	12.000.000	8.516.395	33.000.000
1.3.	Kostnaður tengdur ráðgjöf	22.000.000	21.000.000	14.954.620		5.000.000	5.000.000	1.045.380	21.000.000
2	Umsjón og eftirlit	136.500.000	150.600.000	41.842.919	9.337.178	58.762.822	68.100.000	40.657.081	150.600.000
2.1.	Umsjón	75.900.000	85.300.000	41.107.609	2.801.972	23.298.028	26.100.000	18.092.391	85.300.000
2.2.	Eftirlit	60.600.000	65.300.000	735.310	6.535.206	35.464.794	42.000.000	22.564.690	65.300.000
3	Verkfræmð	2.347.000.000	2.463.800.000	23.043	47.535.149	1.302.164.851	1.349.700.000	1.112.076.957	2.461.800.000
3.1.	Verksamningar	2.100.000.000	2.223.100.000	23.043	43.532.901	1.156.467.099	1.200.000.000	1.023.076.957	2.223.100.000
3.2.	Magnbreytingar	79.800.000	84.500.000	0	3.109.850	46.890.150	50.000.000	34.500.000	84.500.000
3.3.	Aukaverk	84.000.000	84.500.000	0	642.320	57.357.680	58.000.000	24.500.000	82.500.000
3.4.	Verðbætur	83.200.000	71.700.000	0	250.078	41.449.922	41.700.000	30.000.000	71.700.000
4	Gjöld og rekstur á framkv.tíma	23.200.000	20.200.000	2.380.367	142.135	12.657.865	12.800.000	5.019.633	20.200.000
4.1.	Gjöld og rekstur á framkv.tíma	22.300.000	19.400.000	2.234.505		12.000.000	12.000.000	4.765.495	19.000.000
4.2.	Rekstur á framkv.t.	900.000	800.000	145.862	142.135	657.865	800.000	254.138	1.200.000
5	Búnaður og listskreytingar	28.700.000	29.500.000	0	0	2.500.000	2.500.000	27.000.000	29.500.000
5.1.	Búnaður	0	0	0	0	0	0	0	0
5.2.	Listskreytingar	28.700.000	29.500.000	0	0	2.500.000	2.500.000	27.000.000	29.500.000
6	Viðbótarverk	0	0	0	0	2.000.000	2.000.000	0	2.000.000
6.1.	Viðbótarverk - Ráðgjöf	0	0	0	0	0	0	0	0
6.3.	Viðbótarverk - Verkfræmð	0	0	0	0	2.000.000	2.000.000	0	2.000.000
6.5.	Viðbótarverk - Búnaður og listskr.	0	0	0	0	0	0	0	0
Samtals		2.770.000.000	2.898.000.000	216.447.004	62.659.882	1.409.440.118	1.472.100.000	1.209.452.996	2.898.000.000

Hafi verkkaupi athugasemdir eða ábendingar við það sem kemur fram í þessari skýrslu eða við þjónustu FSR má hafa samband við verkefnisstjóra eða senda ábendingar á abendingar@fsr.is.

Reykjavík, 26. mars 2020

Hreinn Sigurðsson, verkefnisstjóri